



## AÐALSKIPULAG HVALFJARÐARSVEITAR 2020-2032

Breyting

*Stækkun efnistökusvæðis E13 Innri-Hólmur (Hólabrú)*

10.01.2025, breytt 9. apríl 2025



Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 23.4.2025

Sveitarstjóri  
HINDARSVEITARS  
HVALFJARÐARSVEITAR

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 16. júlí 2025

Guðrún Lára Sveinadóttir

#### SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 31.10.2024 með athugasemdafresti til: 28.11.2024

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 14.02.2025 með athugasemdafresti til: 28.03.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

#### UPPLÝSINGAR

##### SKJALALYKILL

109863-01-GRG-001-V05

##### HÖFUNDUR

SOS

##### RÝNT

BRE/ÁJ

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Staðhættir	4
2.2	Náttúrufar	7
2.3	Fornminjar	7
3	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	8
3.2	Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032	8
3.3	Deiliskipulag	9
3.4	Samræmi breytingar við gildandi stefnu	10
3.5	Vatnaáætlun 2020-2027	10
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	11
4.1	Helstu framkvæmdaþættir	13
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	15
5.1	Umhverfiþættir og áherslur	15
5.2	Valkostir og umhverfisáhrif	16
5.3	Niðurstaða	17
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	18
6.1	Umsagnaraðilar	18
7	BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU	18

## 1 INNGANGUR

Hvalfjarðarsveit vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gerð er breyting á stærð efnistökusvæðis og því efnismagni sem heimilt er að taka úr efnistökusvæði E13 Innri-Hólmur (Hólabrú), landbúnaðarsvæði minnkar samsvarandi. Innan efnistökusvæðisins er athafnasvæðið AT9 fyrir verkstæði, starfsmannaaðstöðu og aðstöðu vegna námuvinnslu, svæðið verður óbreytt.

Náman hefur lengi verið nýtt til efnistöku en verður nú stækkuð um 2 ha og heimiluð efnistaka aukin um 1.050.000 m<sup>3</sup> miðað við gildandi aðalskipulag.

Tilgangur framkvæmdar er að halda áfram núverandi efnistöku á svæðinu til að mæta efnisþörf til vegagerðar, malbikunarframkvæmda og mannvirkjagerðar. Árleg vinnsla er áætluð um 60.000 m<sup>3</sup>.

### 1.1 Skipulagsgögn

Greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatskýrslu og aðalskipulagsuppráttur.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Í aðalskipulagi kemur fram að leyfilegt magn efnistöku sé 1.200.000 m<sup>3</sup>. Unnið hefur verið umhverfismat fyrir allt að 2.000.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr Hólabrúarnámu. Með breyttu aðalskipulagi verður heimilað heildarmagn allt að 2.250.000 m<sup>3</sup>.

Sameiginleg matsfyrirspurn Hólabrúarnámu og Kúludalsnámu var send Skipulagsstofnun vegna þeirrar stækkunar sem hér um ræðir og er ákvörðun stofnunarinnar sú (dags. 27. júní 2024) að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.


### 2.1 Staðhættir

Hólabrúarnáma er staðsett í Hvalfjarðarsveit, um 8 km frá Akranesi (mynd 1). Hólabrú er í landi Innra-Hólms í Hvalfjarðarsveit en fyrirhuguð stækkun verður í landi Kirkjubóls. Náman er við rætur Akrafjalls að suðaustanverðu, undir svokölluðum Rauðagarði. Svæðið umhverfis námurnar einkennist af athöfnum mannsins. Til norðurs afmarkast núverandi efnistökusvæði af gömlum akvegi og við norðausturmörk svæðisins er lítill skógræktarlundur. Fyrirhuguð stækkun mun þó fara norður fyrir umræddan veg. Landbúnaður er stundaður á Innra-Hólmi og til vesturs afmarkast námusvæðið af tungirðingu landeiganda. Til suðurs afmarkast svæðið af hringveginum og er aðkoma að námunni þaðan.




**MYND 1.** Hólabrú - efnistökusvæði úr landi Innra – Hólms.

Umrætt svæði og nágrenni þess er mikið raskað vegna efnistöku úr Hólabrúarnámu og aðliggjandi Kúludalsnámu, en námurnar eru nánast samliggjandi. Ætla má að þegar hafi verið unnir um 1.800.000 m<sup>3</sup> úr Hólabrúarnámu. Undanfarið hefur áhersla verið lögð á að skerma framkvæmdarsvæðið sem mest frá umferð en manir hafa verið settar upp til að skerma núverandi efnistöku af, eins og hægt er. Núverandi efnistökusvæði er á bak við núverandi manir ef horft er frá þjóðveginum og verður áfram unnið með þessu hætti.



**MYND 2** Núverandi ásjúnd framkvæmdarsvæðis. Myndin sýnir einnig landssvæði sem mun fara undir stækkun Hólbrúarnámu. Myndin er tekin frá Þjóðvegí þegar keyrt er frá suðvestri að framkvæmdarsvæði.



**MYND 3** Núverandi ásjúnd framkvæmdarsvæðis. Á myndinni sést mön sem byrgir sýn að núverandi efnistökusvæði.

## 2.2 Náttúrufar

Svæðið sem stækkunin nemur er gróið og þar má finna vistgerðirnar eyðimelavist, hraungambravist, stinnastararvist, snarrótarvist, starungsmýravist, língresis- og vingulsvist, blómgresisvist og grasmóavist.

Starungsmýravist hefur mjög hátt verndargildi og snarrótarvist, língresis- og vingulsvist og grasmóavist hátt verndargildi. Allar vistgerðirnar eru algengar á landsvísu og hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar sem miðast við nákvæmni 1:25.000. Á svæðinu er ekki að finna náttúrufríbærni sem njóta sérstakrar verndar.

## 2.3 Fornminjar

Engar fornminjar eru skráðar innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Minjavörður hefur einnig skoðað svæðið á vettvangi sem staðfestir þá niðurstöðu. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

### 3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR


#### 3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða viðtækara, gildi út frá sögu, náttúruferri eða menningu. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Skipulag skal stuðla að traustum veituinnviðum sem tryggja öryggi.

Breytt aðalskipulag er metið með hliðsjón af landsskipulagsstefnu.

#### 3.2 Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032

Í aðalskipulagi er svæðið efnistökusvæði, athafnasvæði og landbúnaðarsvæði.



**MYND 4.** Hluti af Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Efnistökusvæðið í gildandi aðalskipulagi er innan rauða flákans merkt E13. Stækkunin er innan bláa svæðisins.

**Stefna fyrir efnistökusvæði er eftirfarandi:**

- Efnistaka verður takmörkuð við núverandi staði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu. Jafnframt verður gengið frá þeim efnistökusvæðum sem ekki eru í notkun.
- Forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá og hverfisverndarsvæðum.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	MAGN M <sup>3</sup>	STÆRÐ HA
E13	Innri-Hólmur	Setnáma malarkambur.	1.250.000	26

Þar kemur einnig fram: „Námur sem nýttar eru yfir lengra tímabil skal lokað eftir því sem kostur er, milli þess sem þær eru nýttar. Afmörkuð eru rúmlega 30 efnistökusvæði og gert er ráð fyrir áframhaldandi efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt. Ef nýting svæða verður minni en áætlað er skal gengið frá ofan af ýtingu og frákasti sem til fellur í samráði við sveitarfélagið. Við frágang efnistökusvæða skal sjá til þess að vinnslusvæðið falli sem best að umhverfi sínu og líkist sem mest landformum í nágrenni þess“.

**Stefna fyrir athafnasvæði er eftirfarandi:**

- Unnið verður að eflingu fjölbreyttara atvinnulífs í formi smáiðnaðar í dreifbýli með því að efla og styrkja núverandi atvinnustarfsemi og skapa ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s framleiðslu- og matvælaíðnað og nýtingu glatorku.
- Stuðla að bættri nýtingu svæða til að renna styrkari stoðum undir byggð s.s. til geymslu tækja, smiðjur, verkstæði, partasölur og móttökusvæði fyrir sorp

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AT9	Hólabrú 1	Verkstæði, starfsmannaaðstaða og aðstaða vegna námuvinnslu. Um 1 ha.	1 ha

**Skilmálar um landbúnaðarsvæði**

Svæði stækkunarinnar er landbúnaðarsvæði L2 (annað landbúnaðarland), sem samkvæmt flokkun landbúnaðarlands er skilgreint landbúnaðarland í flokki II-IV. Slíkt land telst að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II. Nánar segir um landbúnaðarland í flokki II-IV:

- Forðast skal að raska samfellu á góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð.
- Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar, skjólbeltaræktunar eða endurheimtar votlendis.

**3.3 Deiliskipulag**

Ekkert deiliskipulag er á svæðinu. Að vesturmörkum svæðisins er *Holtaflöt-deiliskipulag í landi Kirkjubóls og Innri-Hólms, Innri-Akraneshreppi*, samþ. 27.03.1995. Unnið verður deiliskipulag fyrir Hólabrúarnámu í kjölfar aðalskipulagsbreytingar. Í deiliskipulagi koma fram nánari upplýsingar um hvernig frágangi námunnar verður háttað, þ.e. frágangur einstakra svæða innan námunnar jafnóðum

og efnistöku þar er lokið og endanlegur frágangur námunnar í heild. Frágangur náma verður unninn í samræmi við leiðbeiningar á vefnum namur.is.

### 3.4 Samræmi breytingar við gildandi stefnu

Verið er að stækka efnistökusvæði sem er þegar til staðar, til að forðast það að raska ósnortnum svæðum og ekki er um að ræða svæðið með sérstakt verndargildi. Breytingin er í samræmi við þá stefnu aðalskipulags um efnistökusvæði.

### 3.5 Vatnaáætlun 2020-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Hvalfjarðarsveit vinnur eftir þeirri stefnu að allar opinberar áætlanir á vegum sveitarfélagsins, s.s vegna skipulagsmála og leyfisveitingu, skulu vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála og þá stefnumörkun sem kemur fram í vatnaáætlun.

Þegar sveitarfélagið er leyfisveitandi fyrir tilteknum framkvæmdum, og/eða starfsemi sem skipulagið nær til, þá þarf það að tryggja að áhrifamat á vatnshlot liggi fyrir áður en leyfi er veitt. Sveitarfélagið getur óskað eftir áhrifamati af hálfu framkvæmdar -og/eða rekstraraðila þar sem þess gerist þörf og þar skal koma skýrt fram hvort framkvæmd/starfsemi muni valda því að ástand vatns hnigni eða að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Mikilvægt er að áhrifamat vegna mögulegra áhrifa á vatn sé gert eins snemma í ferlinu og hægt er og að áhrifamatið nái til allra vatnshlota sem framkvæmd/starfsemi hefur áhrif á, beint eða óbeint. Ekki skal gefa út leyfi fyrir framkvæmd eða starfsemi sem leiðir til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki.

Við efnistökusvæðið er að finna eftirtalin vatnshlot skv. vatnavefsjá:

- Akrafjall (vatnshlotanr. 104-191-G) - grunnvatn. Magnstaða og efnafræðilegt ástand óþekkt. Vatnshlotið hefur ekkert skráð álag.
- Hvalfjörður (vatnshlotanr. 104-1330-C) - strandsjór. Vistfræðilegt ástand er óflokkað og efnafræðilegt ástand óþekkt. Ekki er skráð álag á vatnshlotið vegna efnistökkunnar.

Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand.

Í dag er vatn tekið úr uppsprettu á svæðinu sem notað er í steinefnaþvott og er vinnslan í samráði við heilbrigðiseftirlit. Frárennsli vegna skolonar efnis og frá starfsmannaaðstöðu er leitt í vatnshlotið Hvalfjörður og kann frárennsli að hafa áhrif á vatnshlotið. Ekki er gert ráð fyrir vatnstaka breytist við stækkun námunnar.

Fráveita verður minniháttar og aðeins í tengslum við starfsmannaaðstöðu. Ef rétt er staðið að verki er ekki talið líklegt að starfsemin valdi mengun, að ástand vatns hnigni eða að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki.

Settir verða skilmálar í deiliskipulagi um að meðhöndlun véla og mengandi efna innan svæðisins verði í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti aðalskipulagsins. Efnistökusvæðið E13 verður stækkað úr 26 ha í 28 ha. Landbúnaðarsvæði úr landi Kirkjubóls minnkar sem því nemur. Í gildandi aðalskipulagi kemur fram efnistaka sé 1.200.000 m<sup>3</sup>. Með breyttu aðalskipulagi verður heimilt að vinna allt að 2.250.000 m<sup>3</sup> út námunni.



**MYND 5** Yfirlitsmynd af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Myndin sýnir það svæði sem þegar hefur verið unnið úr Kúludalsnámu og Hólabrúarnámu, auk fyrirhugaða stækkun námanna. Kort: EFLA



**MYND 6** Loftmynd af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Á myndinni má sjá svæði sem þegar er raskað sökum efnistöku og auk þess landsvæði sem ætlað er undir áformaða stækkun námanna.

Svæði námunnar er mjög raskað en áhrif efnistöku á ásýnd og landslag eru að mestu leyti þegar komin fram í ljósi þeirrar efnistöku sem þegar hefur farið fram á svæðinu. Núverandi manir draga verulega úr neikvæðum áhrifum á ásýnd þegar keyrt er meðfram framkvæmdarsvæðinu og má gera ráð fyrir að manir sem reistar verða muni gera slíkt hið sama vegna stækkunar námunnar. Nýjar manir munu þá ná lengra upp í hlíðina.

Jarðvegur, svarðlag og lífrænt efni verður nýtt eins og kostur er við frágang á svæðinu í lok vinnslutímabils en að auki (m.a. til að koma í veg fyrir rofhættu) verður einærum/skammærum grastegundum sáð í sárið. Til að flyta landnámi grenndargróðurs verður borið á raskað svæði, grasfræi sáð og plöntur og tré gróðursett þar sem það á við. Efninu sem verður rutt ofan af efnistökusvæðinu verður komið fyrir í manir og nýtt til þess að græða svæðið upp við frágang.

Framkvæmdaraðili mun vinna áætlun um frágang námunnar að efnistöku lokinni sem nánar verður gert grein fyrir í deiliskipulagi. Þá verður svæðið jafnað og grætt upp í samvinnu við landeigendur og sveitarfélagið og gengið þannig frá því að það falla sem best að nágrenni sínu og nýtast sem landbúnaðarsvæði á nýjan leik eftir að vinnslu er lokið. Framkvæmdaraðilar hyggjast hefja frágang á hluta námusvæðanna, þar sem vinnslu er lokið. Áform eru um að nýta svarðlag sem fellur til við stækkun námunnar og efni sem er í mönum til að græða núverandi sár og færa nýtt efni í manir.

Stefna fyrir efnistökusvæðið E13 í gildandi skipulagi.

**TAFLA 1** Stefna fyrir efnistökusvæðið E13 í gildandi skipulagi.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	MAGN M <sup>3</sup>	STÆRD HA
E13	Innri -Hólmur Setnáma malarkambur.	Setnáma malarkambur.	1.200.000	26

**TAFLA 2.** Stefna fyrir efnistökusvæðið E13 í breyttu skipulagi.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	MAGN M <sup>3</sup>	STÆRD HA
E13	Innri -Hólmur Setnáma malarkambur.	Setnáma malarkambur. Að efnistöku lokinni skal ganga frá svæðinu og aðlaga það að landi umhverfis. Unnið verður deiliskipulag fyrir svæðið. Við frágang námunnar verður göngu- og reiðleið færð sem næst núverandi legu.	2.250.000	28

#### 4.1 Helstu framkvæmdaþættir

Efnið verður unnið á staðnum, því er mokað upp með beltagröfu, þaðan sem það fer í forbrjót. Eftir það er efnið harpað og brotið aftur í mölunarsamstæðu í þær stærðir sem óskað er eftir hverju sinni. Að lokum er efnið svo ýmist nýtt beint úr mölun eða skolað á þvottahörpu fyrir notkun.

Mannvirki Hólabrúarnámu eru m.a. stálgrindarhús með steyptri botnplötu sem notað er sem verkstæði og starfsmannaaðstaða. Í Hólabrúarnámu er olíutankur til að fylla á vélar en tankurinn er staðsettur í lekaheldum gámi og uppfyllir allar kröfur um mengunar- og lekahættu. Ekki eru áformaðar verulegar breytingar á aðstöðu innan efnistökusvæðis, en nánar verður gerð grein fyrir uppbyggingu í deiliskipulagi.

Gamall akvegur liggur norðan námunnar, skilgreindur sem göngu- og reiðleið í aðalskipulagi. Áfram verður tryggt aðgengi um þann stíg en hann mun hnikast til á vinnslutíma en við endanlegan frágang svæðisins verður leitast við að hann haldi svipaðri legu og nú er. Göngu- og reiðleiðin verður færð ofar í hlíðina, upp fyrir þá stækkun námunnar sem fyrirhuguð er. Samráð verður haft við sveitarfélagið, landeigendur og hestamannafélagið Dreyra um útfærslu leiðarinnar. Einnig þarf að tryggja að færsla leiðarinnar valdi ekki raski á skriðum ofan efnistökusvæðisins.

Rafstrengur liggur við gamla akveginn norðan megin við Hólabrúarnámuna, en strenginn þarf að færa samhliða stækkun námunnar. Framkvæmdaraðilar áforma að strengurinn verði færður upp fyrir norðurenda nýs framkvæmdarsvæðis. Strengurinn er í eigu Rarik og verður öll framkvæmd um endanlega staðsetningu og færslu strengs unnin í samráði við Rarik auk þess að afla tilheyrandi leyfa frá sveitarfélaginu, ef þörf er á.

#### Samgöngur og umferð

Framkvæmdasvæðið er staðsett við Þjóðveg 1, Vesturlandsveg, og samkvæmt vefsíðu Vegagerðarinnar var meðalumferð á dag yfir árið (árdagsumferð, ÁDU) um 5.500 bílar árið 2022. Daglega fara um 30-40 flutningabílar um Hólabrúarnámu og litlu minni umferð er um Kúludalsnámu sem er skammt frá, en sitt hvor aðkeyrslan er að námunum. Ekki er búist við aukinni umferð vegna stækkunarinnar.

Sjónlínur að vegtengingum mættu vera betri, sérstaklega þegar komið er að þeim að norðan og þar geta myndast hættulegar aðstæður á vegi. Þá berst mól og annar óþrifnaður inn á Þjóðveg sem hefur skapað hættu. Mikilvægt er að draga úr þeirri hættu vegna sem skapast við inn- og útkeyrslu úr námunni. Framkvæmdaraðili er með til skoðunar mótvægisáðgerðir sem geta m.a. falist í endurskipulagningu á innkeyrslum, en leitað verður samráðs landeiganda, sveitarfélags og Vegagerðar ef til þess kemur. Jafnframt hyggst framkvæmdaraðili setja upp spegla við útkeyrslu til þess að betur sjáist til norðurs og suðurs þegar keyrt er út úr námum. Nánar verður gerð grein fyrir útfærslu vegtenginga í deiliskipulagi.

#### Útivist

Nokkur útivist er við og á Akrafjalli og er fjallið áfangastaður á meðal göngufólks. Þá er einnig reið- og gönguleið við vesturenda núverandi vinnslusvæðis Hólabrúarnámu, sem kemur til með að raskast við stækkun námunnar. Við gerð deiliskipulags mun framkvæmdaraðili eiga samráð við landeigendur og sveitarfélagið varðandi tilfærslu á reið- og gönguleiðinni á framkvæmdatíma og frágangi hennar að

framkvæmdum loknum, ásamt því að leita álits hjá hestamannafélaginu Dreyra. Stækkun svæðisins liggur vestan við skógræktarreit.

### **Hljóðvist og rykmengun**

Nokkur hávaði fylgir efnistökusvæðum en hávaði berst m.a. frá stórvirkum vinnuvélum og malarbrjótum á svæðinu. Slíkum framkvæmdum getur einnig fylgt rykmengun en smáar rykagnir geta borist með lofti, sérstaklega á löngum þurrkatímum.

Næsti bær með heilsárssetu er Lambalækur í um 600 m fjarlægð frá efnistökusvæðinu. Framkvæmdaraðili telur ólíklegt að ábúendur verði fyrir verulegum áhrifum sökum hávaða eða rykmengunar, en þess hefur þó orðið vart til þessa.

Manir eru settar upp við jaðra námusvæðanna og er tilgangur þeirra m.a. að draga úr áhrifum efnistöku og vinnslu efnis á hljóðvist og rykmengun.

Gerð verður nánari grein fyrir útfærslu svæðisins í deiliskipulagi.

## 5 UMhverfismatsskýrsla

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif. Unnin var matsáætlun vegna stækkunar námunnar, sbr. kafla 2.

### 5.1 Umhverfisþættir og áherslur

Skoðuð eru áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 3 og leitast við að svara matsspurningum.

- Efnistaka verður takmörkuð við núverandi staði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu. Jafnframt verður gengið frá þeim efnistökusvæðum sem ekki eru í notkun.
- Forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðum.

**TAFLA 3.** Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i> <i>Landnotkun.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.</li> <li>• Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð viðerni og landslagsheildir.</li> </ul> <i>Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vanda skal umgengi á vinnslutíma og tryggja sem best að ekki verði fok frá námum. Námur sem nýttar eru yfir lengra tímabil skal lokað eftir því sem kostur er, milli þess sem þær eru nýttar.</li> <li>• Við frágang efnistökusvæða skal sjá til þess að vinnslusvæðið falli sem best að umhverfi sínu og líkist sem mest landformum í nágrenni þess.</li> </ul> <i>5. gr. Jarðalaga nr. 81/2004.</i>	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á landslagsheildir? Hefur stefnan áhrif á landnotkun?
<b>Vatnshlot</b> <i>Ár, vötn og grunnvatn.</i>	<i>Vatnaáætlun 2022-2027</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar.</li> <li>• Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?
<b>Heilnæmt umhverfi</b> <i>Mengun og hávaði.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhondlun, hljóðvist og loftgæði.</li> </ul> <i>Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vanda skal umgengi á vinnslutíma og tryggja sem best að ekki verði fok frá námum.</li> <li>• Ávallt skal beita bestu fánlegu tækni til að draga úr mengun frá athafnasvæðum, t.d. vegna loft-, hávaða- og rykmengunar.</li> <li>• Áhersla er lögð á nægt framboð af neysluvatni fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.</li> </ul>	Er hættu á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á mengun og hávaða?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i> <i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.</i> <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i>	
<b>Náttúrufar</b> <i>Gróður.</i> <i>Vistkerfi.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.</li> </ul> Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Við landmótun og frágang svæða, s.s. efnistökusvæða, afþreyingarog ferðamannasvæða og vegfláa, verði staðargróður endurheimtur eins og hægt er.</li> <li>• Efnistaka verður takmörkuð við núverandi staði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu.</li> </ul> <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <i>Vistgerðarkortlagning NÍ. Vistgerðarkortlagning NÍ.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?
<b>Samfélag</b> <i>Atvinnulíf.</i> <i>Íbúar.</i> <i>Hagræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stuðla að eflingu atvinnulífs.</li> <li>• Skapa sem best skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu og blómlegt mannlíf til að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf?
<b>Vernd og minjar</b> <i>Menningarminjar.</i>	Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruvinnuáhrifum og hverfisverndarsvæðum.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á menningarmínjar?
<b>Loft</b> <i>Losun og binding.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.</li> <li>• Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun og tryggja orkuöryggi.</li> </ul> Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orkuskipti í vegasamgöngum, átak í kolefnisbindingu, bættri landnotkun, skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?

## 5.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Verið er að stækka núverandi efnistökusvæði á Hólabrú, svæði sem liggur næst núverandi námu. Þar sem um raskað svæði er að ræða sem er auk þess ekki innan víðerna hálendisins þá er aðeins gerð grein fyrir áhrifum af stefnu aðalskipulagsbreytingar en ekki bornir saman valkostir fyrir mismunandi staðsetningu. Áhrif af stefnu gildandi skipulags á umhverfisþætti eru metin óveruleg.

**Áhrif á land og landslag eru neikvæð/óveruleg.** Breyting verður á ásýnd svæðisins og rask á landi meðan á efnistöku stendur, neikvæð áhrif eru metin tímabundin. Skilmálar eru í gildandi skipulagi um að vanda umgengni á vinnslutíma og frágang að vinnslu lokinni. Að lokinni efnistöku verður gengið frá námunni og hún aðlöguð að landi umhverfis. Engar þekktar jarðmyndanir eru á svæðinu og efnistaka hefur ekki áhrif á víðerni. Endanleg áhrif á landslag eru metin óveruleg.

**Áhrif á vatnshlot eru óveruleg.** Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir stækkun námu sem hefur verið í notkun um árabíl. Efnisvinnsla verður áfram með sama hætti og áður og því ólíklegt að áhrifa hennar muni gæta á vatnshlot umfram það sem verið hefur. Ekki er skráð álag á vatnshlotin vegna efnistöku

úr námunni. Því er ekki fyrir séð að skipulagsbreytingin hafi þau áhrif að vatnshlot breytast eða að breytingar verði á vatnsgæðum, vatnsmagni, efna- eða eðliseiginleikum vatns og fyrirhuguð efnistaka því innan þeirra marka sem Vatnaáætlun 2022-2027 gerir ráð fyrir.

**Áhrif á heilnæmt umhverfi eru neikvæð/óveruleg.** Nokkur hávaði fylgir efnistöku frá bílum, vélum og malarbrjótum og rykagnir geta borist með lofti frá svæðinu. Til að draga úr áhrifum efnistöku á hljóðvist og rykmengun verða settar upp jarðvegsmánir við jaðra námusvæðanna.

**Áhrif á náttúrufar eru óveruleg/neikvæð.** Svæðið er gróið og þar er að finna vistgerðir með hátt verndargildi. Vistgerðirnar eru algengar á landsvísi. Á framkvæmdatíma eru áhrif á gróðurfar og vistgerðir neikvæð en við frágang svæðisins að lokinni efnistöku verður svæðið grætt upp að nýju.

**Áhrif á samfélag eru jákvæð.** Með stefnunni eykst framboð á vinnanlegum jarðefnum á svæðinu en þau eru forsenda ýmissa framkvæmda, eins og vegagerðar, malbikunarframkvæmda og mannvirkjagerðar. Efnisvinnsla skapar atvinnu.

**Áhrif á vernd og minjar eru óveruleg.** Engar fornminjar eru skráðar innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Á svæðinu er ekki að finna náttúrufríbærni sem njóta sérstakrar verndar.

**Áhrif á loft eru neikvæð/óveruleg.** Neikvæð áhrif verða meðan á efnisvinnslu stendur. Notuð verða vélar og tæki sem losa gróðurhúsalofttegundir. Áhrif að lokinni efnistöku eru óveruleg.

### 5.3 Niðurstaða

Áhrif á land og landslag eru neikvæð því breyting verður á ásýnd svæðisins, einkum á framkvæmdatíma. Stefna í gildandi skipulagi um að vanda umgengni á vinnslutíma og við frágang að lokinni vinnslu eru til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum. Í aðalskipulagsbreytingunni hefur einnig hefur verið bætt inn skilmálum um frágang efnistökusvæðisins.

Áhrif á gróður og vistkerfi eru neikvæð því svæðið er gróið og þar er að finna vistgerðir með hátt verndargildi. Jarðvegur og svarðlag verður nýtt eins og hægt er og komið fyrir í manir meðan á vinnslu stendur en nýtt til að græða svæðið upp við frágang. Landnámi grenndargróðurs verður flýtt eins og kostur er með sáningu, áburðargjöf og gróðursetningu þar sem við á.

Sveitarfélagið er hlynnt áframhaldandi efnistöku úr námu E13 sem er í takt við stefnu aðalskipulags að efnistaka verði takmörkuð við núverandi staði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á góðan frágang efnistökusvæða að vinnslu lokinni og að leitast sé við að umgengi um svæðið dragi sem mest úr ásýndaráhrifum af vinnslunni.

## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagslýsing var kynnt á haustmánuðum. Umsagnir bárust frá: Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og RARIK. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.

Að fenginni heimild skipulagsstofnunar verður aðalskipulagsbreytingin kynnt og auglýst í blöðum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og leitað umsagna frá umsagnaraðilum. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

### 6.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- RARIK
- Vegagerðin
- Hestamannafélagið Dreyri

Hér má sjá áætlun um skipulagsferli.



## 7 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

Fyrir auglýsingu var tillögu breytt í samræmi við ábendingu Skipulagsstofnunar. Bætt var við texta í kafla 4.1 Helstu framkvæmdaþættir, undir útivist, um samráð við landeigendur við gerð deiliskipulags vegna tilfærslu á reið- og gönguleið og við sveitarfélagið á framkvæmdartíma og við frágang.

Engar breytingar voru gerðar eftir auglýsingu tillögunnar en sett var breytingardagsetning á greinargerð.

